



Húsfélag Oddfellowhússins í Hafnarfirði

Staðarbergi 2 – 4, 221 Hafnarfirði – stadarberg@oddfellow.is

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði
Rósa Guðbjartsdóttir
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði
rosa@hafnarfjordur.is

Hafnarfirði 30.11.2021

F.h. framkvæmdastjórnar Húsfélags Oddfellowhússins í Hafnarfirði er óskað eftir endurgreiðslu á hluta fasteignagjalda vegna viðbótarhúsnæðis, sem stúkurnar í Hafnarfirði eru um þessar mundir að taka í notkun í Regluheimilinu við Staðarberg 2-4 í Hafnarfirði.

Umrætt viðbótarhúsnæði er 150,1 m² að grunnfleti og er eignarhluti 222-8353 í húsinu Staðarberg 2-4. Matshlutinn er nr. 01-02-01.

Þessi ósk byggir á því að um árábil hafa stúkurnar fengið endurgreiðslu á hluta fasteignagjaldanna, vegna núverandi húsnæðis síns í Regluheimilinu.

F.h. Regludeildanna í Hafnarfirði vil ég nota þetta tilefni til þess að þakka fyrir stuðning Hafnarfjarðarbæjar á liðnum árum við líknarstarf það sem unnið er að. Það munar sannarlega um endurgreiðslu á hluta fasteignagjaldanna. Þess má geta að líknarstarf Regludeildanna beinist fyrst og fremst að félagasamtökum og fólki í nærumhverfi deildanna.

Með kærri kveðju,
f.h. framkvæmdastjórnar Húsfélags Oddfellowhússins í Hafnarfirði

Hannes Siggason formaður